Nordisk Råd

Fyrirspurn	Fyrirspurn í tengslum við meðferð á þingmannatillögu um norrænt bandalag um loftslagsmál
Fyrirspyrjandi	Norræna sjálfbærninefndin
Viðtakandi	Ríkisstjórnir Norðurlanda

E 1/2023 - Skrifleg fyrirspurnir frá norrænu sjálfbærninefndinni til ríkisstjórna Norðurlanda

Til ríkisstjórna Norðurlanda

Norræna sjálfbærninefndin vinnur nú að gerð tillögu um sameiginleg norræn loftslagsmarkmið og óskar í tengslum við það að fá svör frá ríkisstjórnum Norðurlanda við eftirfarandi spurningum:

1. Hvernig og útfrá hvaða lögmálum hefur ríkisstjórnin skigreint markmið sín um kolefnishlutleysi og minnkun kolefnislosunar?
2. Hvaða áætlanir liggja til grundvallar aðgerðum ríkisstjórnarinnar hvað varðar kolefnishlutleysi og minnkun kolefnislosunar?
3. Hverjar eru aðgerðir ríkisstjórnarinnar varðandi alþjóðlegt kolefnisfótspor?
4. Hvaða tækifæri og samlegðaráhrif sér ríkisstjórnin í norrænu yfirlýsingunni um kolefnishlutleysi og mætti fylgja yfirlýsingunni eftir með sameiginlegum norrænum loftslagsmarkmiðum og stefnu í loftslagsmálum?

Bakgrunnur
Með Parísarsamningnum hefur ESB skuldbundið sig til að taka stór skref í loftslags- og orkumálum fyrir árið 2030. Grundvallarmarkmið í Parísarsamningnum er að halda hækkun á hitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækkun hitastigs við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu. Þessu tengt hafa ESB-ríkin sett sér nokkur markmið. Hið fyrsta er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um minnst 55% samanborið við 1990. Þetta markmið er bindandi og innri reglur ríkjanna ákvarða hlutdeild og skyldur hvers ríkis. Annað markmiðið er auking endurnýjanlegrar orku um a.m.k. 32 prósent. Þetta markmið er bindandi fyrir sambandið í heild sinni. Þ.e. einstaka ríki getur legið undir þessu markmiði svo fremi sem sameiginlegt hlutfall innan sambandsins sé a.m.k. 32%. Þriðja markmiðið er að auka orkuskilvirkni um a.m.k. 32,5%. ESB endurskoðaði þetta markmið árið 2019 þar sem ákveðið var að hækka markmiðið úr 27% í 32,5%

Öll norrænu ríkin, að Noregi og Íslandi meðtöldum, hafa skuldbundið sig til að fylgja loftslagsmarkmiðum ESB. Norðurlöndin og, þar með talin Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, hafa hvert fyrir sig axlað ábyrgð á losun með því að setja sér loftslagsmarkmið. Markmið Svíþjóðar er nettó núlllosun árið 2045. Noregur ákvað að minnka losun um 55% miðað við 1990 og verða kolefnishlutlaus fyrir 2050. Danir hyggjast minnka losun sína um 70 prósent fyrir 2030 miðað við árið 1990 og verða koldíoxíðhlutlaust 2050. Færeyjar vilja draga úr losun um 45% fyrir 2030 miðað við 2010. Í markmiðum Grænlands fyrir 2030 eiga 90% allrar orku sem fer í opinbera starfsemi að koma frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Finnland stefnir að kolefnishlutleysi fyrir 2035 og vinnur að gerð nýrra langtímamarkmiða í endurskoðaðri loftslagslöggjöf. Álandseyjar stefna að því að draga úr losun um 60% fyrir 2030 miðað við 1990 og þar er verið að vinna að loftslagslöggjöf með nýjum markmiðum. Ísland stefnir að kolefnishlutleysi fyrir 2040. Í svari við skriflegri fyrirspurn Norðurlandaráðs (E20/2019) kemur fram að öll löndin vinni gagngert að því að ná settum landsmarkmiðum á öllum sviðum. Löndin hafi gripið til ráðstafana og innleitt nýjungar sem önnur stór losunarlönd geti einnig hagnýtt sér.

Ný norræn framtíðarsýn og yfirlýsingin um kolefnishlutleysi sem samþykkt var 2019 marka að löndin hverfa frá bráðabirgðalausnum og vinna nú ötullega saman að loftslagsmálum. Í formennskuáætlun Danmerkur í Norðurlandaráði 2021 kemur skýrt fram að löndin þurfi að auka stefnumótandi samhæfingu og semja norræna loftslagsstefnu. Nú er tímabært að taka skref fram á við og setja sér sameiginleg loftslagsmarkmið. Sameiginleg markmið í loftslagsmálum stuðla að skýrleika, skipulagsfærni og langtímasjónarmiðum sem gera það kleift að fjárfesta til lengri tíma og efla á þann hátt samkeppnisfærni Norðurlanda.

Norðurlöndum, 13. janúar 2023

Með bestu kveðju fyrir hönd norrænu sjálfbærninefndarinnar

Ola Elvestuen
Formaður norrænu sjálfbærninefndarinnar